

LÖG

um

lögreglusamþyktir í löggiltum verslunarstöðum.

32
4. júní

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1 gr.

Í löggiltum verslunarstöðum, sem ekki eru hreppsþjelög út af fyrir sig, og þannig ekki njóta heimildarlaga nr. 18, 20. okt. 1905, til þess að gera lögreglusamþyktir, skal hlutaðeigandi hreppsnefnd leyft vera að gera samþykt um meðferð skepna, þar með taldir alifuglar í kaupþúnum, til þess að varna því, að tjón eða skemdir hljótist af því, að skepnur gangi lausar eða í vanhirðu, með því að fyrirskipa vörslu á þeim á ákveðnum árstímum.

Hreppsnefnd sendir sýslunefnd frumvarp að samþyktinni, og fallist hún á það, sendist það stjórnarráðinu, er veitir því gildi með staðfestingu sinni.

2. gr.

Tiltaka má í samþyktinni sektir, alt að 200 krónum, fyrir brot á henni, og renna þær í hlutaðeigandi sveitarsjóð.

Mál út af brotum skal fara með sem almenn lögreglumál.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalúborg, 4. júní 1924.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Magnússon.